

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

830. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. apríl 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Bréf Fjallskiladeildar Miðfirðinga.
4. Bréf Landslaga v/ Efri-Þverár.
5. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013—2016
<http://www.althingi.is/alttext/143/s/0855.html>
6. Kauptilboð í Laugarbakkaskóla.

Afgreiðslur:

1. Til kynningar lagðar fram upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.
2. Fram lagt bréf Umhverfisstofnunar þar sem kynnt eru drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar. Sveitarstjóri lagði einnig fram bréf stofnunarinnar þar sem kynnt er form áætlanagerðar fyrir sveitarfélög er hyggjast gera samning við Umhverfisstofnun um endurgreiðslu kostnaðar við refaveiðar. Byggðarráð felur sveitarstjóra og landbúnaðarráði að fara yfir gögnin, útbúa áætlun 2014-2016 og senda til Umhverfisstofnunar.
3. Bréf Fjallskiladeildar Miðfirðinga lagt fram en þar er ítrekuð beiðni deildarinnar um fjárstuðning vegna endurbóta á hesthúsi á Húki. Sveitarstjóra falið að ræða við formann fjallskiladeildarinnar um forsendur mögulegrar styrkveitingar.
4. Fram lagt bréf Landslaga vegna skiptagerðar jarðarinnar Efri-Þverár. Í erindinu er þess óskað að Húnaþing vestra samþykki fyrir sitt leyti að skipta jörðinni Efri-Þverá upp með þeim hætti sem niðurstaða matsmanna, dags 20. júlí 2013 kveður á um. Sveitarstjóra falið að afla álits lögfræðings á erindinu m.a. stöðu og mögulegri aðkomu sveitarfélagsins að málinu.
5. Fram lagt bréf Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis en þar er óskað umsagna á tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013—2016. Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir vonbrigðum með að ekki sé gert ráð fyrir verulega auknum fjármunum til viðhalds héraðs- og tengivega og að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum slitlagsklæðningar á Vatnsnesvegi eða nauðsynlegum endurbótum og lagningu slitlags á Miðfjarðarveg. Byggðarráð skorar á Alþingismenn Norðvesturkjördæmis og fulltrúa í Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að taka tillit til sjónarmiða sveitarstjórnar Húnaþings vestra um nauðsynlegar úrbætur í samgöngumálum sem ítrekað hafa verið kynntar á fjölmörgum fundum með hlutaðeigandi aðilum.
6. Fram lagt Kauptilboð í Laugarbakkaskóla frá Krossholu ehf. f.h. óstofnaðs hlutafélags Laugarbakka ehf. Farið yfir kauptilboðið ásamt meðfylgjandi greinargerð. Oddviti og

sveitarstjóri upplýsu að á næstu dögum muni þeir ásamt lögmanni sveitarfélagsins eiga viðræður við tilboðsgjafa. Byggðarráð verður upplýst um gang þeirra viðræðna um leið og unnt er. Leó Örn Þorleifsson, oddviti mætti til fundarins undir þessum dagskrárlið.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Fram lögð niðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli nr. 7/2014 Hlaðan ehf. gegn Húnaþingi vestra. Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi: „*Kröfu kæranda, Hlöðunnar ehf., um stöðvun samningsgerðar varnaraðila, Húnaþings vestra, um stundarsakir við Gauksmýri ehf. um skólamáltíðir fyrir grunnskóla sveitarfélagsins og rekstur veitingahúss er hafnað.*“ Áður hefur Samkeppniseftirlitið með bréfi dags. 16. apríl sl. hafnað kröfu Hlöðunnar ehf. um að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu. Jafnframt var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að erindi Hlöðunnar ehf. gæfi ekki frekari tilefni til rannsóknar á meintum brotum Húnaþings vestra á samkeppnislögum. Leó Örn Þorleifsson, oddviti sat fundinn undir þessum lið.
8. Fram lagt bréf Villa Valla ehf. þar sem skorað er á sveitarstjórn að draga til baka útboð á málningarvinnu sem auglýst var í 14. tbl. Sjónaukans. Bent er á að Húnaþing vestra sé aðili að rammasamningi Ríkiskaupa og beri sveitarfélaginu því að fara að þeim lögum og reglum sem um samning þann gilda. Sveitarstjóra falið að fara yfir málið með lögfræðingi sveitarfélagsins. Guðrún Ragnarsdóttir vék af fundi við umræðu og afgreiðslu erindisins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:20

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar S. Helgason

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson